

# HÓPLÍFTRYGGINGARSKILMÁLAR

## 1. gr. Samningur um hóplíftryggingu

Hóplíftrygging er dánaráhættutrygging fyrir einstaklinga þess hóps, sem tilgreindur er í framangreindum samningi um líftryggingu milli fulltrúa hópsins og OKKAR líftrygginga hf. hér á eftir nefnt „félagið“.

Um líftrygginguna gilda auk greinds samnings eftirfarandi skilmálar. Þar sem eigi er á annan veg kveðið í samningnum eða skilmálum þessum, gilda ákvæði laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Tryggður er hver einstaklingur hópsins. Þeir eru einnig tryggingartakar hver og einn. Fulltrúi hópsins telst einnig tryggingartaki.

## 2. gr. Upplýsingar

Tryggingartaki og tryggði gefa félaginu áhættu-upplýsingar. Félagið metur samkvæmt þeim hverjir fá líftryggingu og með hvaða kjörum. Sömu reglur gilda við breytingu á hóplíftryggingunni.

Hafi tryggingartaki eða tryggði gefið rangar eða ófullkomnar upplýsingar, gilda ákvæði 4.-10. gr. laga nr.20/1954 um váttryggingarsamninga.

## 3. gr. Þátttaka

Um lágmarksfjölda og lágmarksþátttökuhlutfall í hópnum gilda þær reglur, sem kveðið er á um í almennum samningsákvæðum.

Fullnægi hópurinn ekki skilyrðum um lágmarksfjölda eða lágmarksþátttökuhlutfall við lok tryggingarárs, hefur félagið heimild til að fella samninginn úr gildi við lok næsta tryggingarárs, sé skilyrðum þá ekki fullnægt.

Nú breytir félagið þessum reglum og skal þá við mat á því hvort hópurinn fullnægir skilyrðunum eða ekki, miða við þær reglur, sem hagstæðari eru fyrir hópinn.

## 4. gr. Makatrygging

Maki hópfélaga getur fengið aðild að hóplíftryggingunni, enda sé fullnægt skilyrðum um þátttöku og þátttökuhlutfall, sem gilda um myndun makahóps skv. almennum samningsákvæðum.

Tryggður er hver einstaklingur makahópsins. Þeir eru einnig tryggingartakar hver og einn.

Hóplíftrygging maka fellur niður tveimur mánuðum eftir andlát hópfélaga eða við úrgögu hins síðarnefnda úr hópnum.

Við andlát hópfélaga á tryggður maki hans rétt á framhaldstryggingu, sbr. 11.gr. Við úrgöngu hópfélaga úr hópnum af annarri ástæðu, á maki hans rétt á framhaldstryggingu, sbr. 11.gr., hafi hóplíftrygging maka verið óslitið í gildi að minnsta kosti síðustu 12 mánuði.

## 5. gr. Upphaf ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins gagnvart þeim hópfélögum, sem sótt hafa um hóplíftryggingu, og félagið hefur úrskurðar líftryggingarhæfa, þegar samningurinn er undirritaður, hefst þann dag, sem tilgreindur er í samningnum. Ábyrgð félagsins gagnvart öðrum hópfélögum hefst, er það hefur samþykkt líftrygginguna, nema um annað sé samið.

## 6. gr. Iðgjald

Iðgjaldið fellur í gjalddaga fyrsta dag hvers umsamins iðgjaldagreiðslutímabils. Sé iðgjald ekki greitt, lýkur ábyrgð félagsins mánuði eftir gjalddaga, þó í fyrsta lagi viku eftir að þess er krafist.

Iðgjaldið ákveðst samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Fulltrúi hópsins sér um greiðslu iðgjalda til félagsins því að kostnaðarlausu.

Í lok hvers tryggingarárs greiðir fulltrúi hópsins iðgjald fyrir hvern hópfélaga, sem gengið hefur í hópinn á tryggingarárinu og reiknast iðgjaldið hlutfallslega fyrir það tímabil sem líftrygging hópfélagsins hefur verið í gildi.

Í lok hvers tryggingarárs endurgreiðir félagið fulltrúa hópsins iðgjald fyrir hvern hópfélaga, sem gengið hefur úr hópnum á því tímabili. Iðgjaldsendurgreiðslan reiknast hlutfallslega miðað við það tímabil, sem líftrygging hópfélagsins hefur verið í gildi.

## 7. gr. Undanskildar áhættur

Samningurinn fellur úr gildi ef líftryggður sviptir sig lífi innan eins árs frá útgáfudegi tryggingarinnar.

Líftryggingarupphæðin greiðist ekki við dauðsfall, sem beint eða óbeint er afleiðing styrjaldar, innrásar eða hvers kyns hernaðaraðgerða nema um annað sé sérstaklega samið.

## 8. gr. Aldursmörk

Líftrygging hópfélaga fellur niður í lok þess tryggingarárs er 70 ára aldri er náð eða við andlát áður.

## 9. gr. Bótagreiðslur

Við andlát hópfélaga greiðist líftryggingarupphæðin innan mánaðar frá því, að réttihafar hafa lagt fram nauðsynleg sönnunargögn fyrir greiðsluskyldu félagsins og rétti sínum.

## 10. gr. Lok hópaðildar

Ábyrgð félagsins gagnvart hópfélaga lýkur við lok þess almanaksmánaðar, er tilkynning hópfulltrúa um úrgöngu hópfélagsins berst félaginu. Hverfi tryggði tímabundið úr hópnum vegna atvinnuleysis, verkfalls, verkbanns eða annarrar vinnustöðvunar eða vegna sjúkdóms eða slyss, er líftryggingin áfram í gildi að því tilskildu, að iðgjaldið greiðist fyrir allan hópinn þetta tímabil.

## 11. gr. Framhaldstrygging

Falli samningurinn um hóplíftryggingu úr gildi eða gangi hópfélagi úr hópi sínum og fái ekki aðild að öðrum hópi með rétti til hóplíftryggingar, er félaginu skylt að veita honum án nýrra heilbrigðisupplýsinga samskonar líftryggingu og þá er hann hafði í hópnum. Iðgjald þeirra líftryggingar reiknast eftir gjaldskrá félagsins fyrir einstaklingsbundnar líftryggingar.

Réttur til framhaldstryggingar fellur úr gildi tveimur mánuðum eftir úrgöngu.

## 12. gr. Yfirráðaréttur

Oheimilt er að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti réttindum, sem hóplíftrygging þessi veitir. Falli líftryggingin úr gildi af öðrum orsökum en dauða, er verðmæti hennar ekkert.

## 13. gr. Uppsögn

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu tryggingartaka við lok hvers tryggingarárs með þriggja mánaða fyrirvara.

Ákveði félagið nýja gjaldskrá með herra iðgjaldi fyrir hópinn, er tryggingartaka heimilt að segja samningnum upp með eins mánaðar fyrirvara, þó ekki seinna en mánuði eftir að hann hefur fengið í hendur tilkynningu um hækkunina.

## Skilmálar nr. HL123.

Gilda frá og með 23.12.1996.